

## Dalagisting ehf. 81. fundur.

Mánudaginn 15. mars var haldinn stjórnarfundur í fjarfundi og hófst hann kl. 15:00.

Mætt voru: Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Anna Berglind Halldórsdóttir, Guðmundur Gunnarsson, Pálmi Jóhannsson, Tryggvi Guðmundsson og Kristján Sturluson.

Eyjólfur Ingvi Bjarnason formaður stjórnar stýrði fundi.

### Dagskrá:

#### 1. Fundur með fulltrúum Heilsusköpunar ehf.

Erla Ólafsdóttir og Harpa Einarsdóttir frá Heilsusköpun ehf. mættu á fundinn.

Starfsemi hefur farið hægt af stað, fyrsti hópurinn var um sl. helgi. Lítið er um bókanir í mars en mikið í apríl og maí. Vinna við viðskiptaáætlun hefur gengið hægar en áætlað var. Heilsusköpun ehf hefur áhuga á að leigja áfram, helst til loka september, með lengri uppsagnarfresti en nú er.

Heilsusköpun mun senda Dalagistingu frekari upplýsingar um áætlaðar rekstrartekjur svo félagið geti tekið afstöðu til breytinga á leigusamningi varðandi sumarleigu.. Verður tekið til umræðu á aðalfundi félagsins sem verður 18. mars.

*Jóhanna María Sigmundsdóttir verkefnastjóri hjá Dalabyggð sat fundinn undir dagskrárlið 1.*

#### 2. Tillögur til aðalfundar.

Engar tillögur undir liðnum „Aðrar tillögur löglega fram bornar“.

#### 3. Tillaga til aðalfundar um þóknun stjórnarmanna vegna fundarsetu 2021 — 2022.

Lagt verður til við aðalfund að þóknun stjórnarmanna verði kr. 5.000 fyrir hvern setinn fund í fjarfundi og kr. 15.000 fyrir staðfundi, auk þess fái formaður 50% að auki. Framkvæmdastjóri fái sömu þóknun og stjórnarmenn.

Samþykkt samhljóða.

#### 4. Tillaga til aðalfundar um hvernig fara skal með hagnað/tap og um arð og framlög í varasjóð.

Lagt verður til við aðalfund að ekki verði greiddur út arður.

Samþykkt samhljóða.

#### 5. Endurskoðendur.

Lagt verður til við aðalfund að ekki verði valdir endurskoðendur fyrir félagið.

Samþykkt samhljóða.

6. **Ársreikningur 2020.**

Gyða Steinsdóttir endurskoðandi hjá KPMG mætti til fundar og fór yfir ársreikning 2020. Reikningurinn samþykktur samhljóða og vísað til aðalfundar.

7. **Önnur mál.**

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:10.

Fundargerð ritaði Kristján Sturluson.

Fundargerð staðfest í tölvupósti.

Eyjólfur Ingvi Bjarnason, 16.03.2021 kl. 13:39

Anna Berglind Halldórsdóttir, 16.03.2021 kl. 15:24

Guðmundur Gunnarsson, 17.03.2021 kl. 12:57

Pálmi Jóhannsson, 17.03.2021 kl. 21:07

Tryggvi Guðmundsson, 16.03.2021 kl. 12:55



SVEITARSTJÓRI  
DALABYGGÐ  
Kristján Sturluson